

Fundur í fræðslunefnd mánudaginn 30.05.2011

Mættir: Arnfríður Aðalsteinsdóttir, Helgi Mar Árnason, Siggeir Stefánsson, Sólveig Óladóttir, Hlökkver Gunnarsson og Steinunn Guðnadóttir

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna

1. Starfsmannamál Grunnskólans: Umsókn frá Sóleyju Vífilsdóttur. Fræðsluráð mælir með ráðningu hennar. Starfsmannamál næsta vetrar rædd, nánast er búið að manna allar stöður við skólann með réttindakennurum. Búið er að ganga frá ráðningu Margrétar Önnu, Þórhöllu og Marenar Hjaltadætra í störf skólaliða. Skóladagatal Grunnskólans lagt fram og samþykkt.
2. Starfsmannamál Leikskólans: Umsókn frá Sigríði Indriðadóttur. Fræðsluráð mælir með ráðningu hennar. Ákveðið að auglýsa enn og aftur eftir leikskólastjóra. Umræða fór fram um starfsmannamál. Leikskóladagatal lagt fram og samþykkt.
3. Skólanámskrá Leikskólans Barnabóls. Steinunn lagði fram og afhenti formanni fræðsluráðs skólanámskrá sem er sú fyrsta sem unnin er á leikskólanum. Fræðsluráð þakkar Steinunni fyrir.
4. Framtíðarstefna í húsnæði skólanna: Mikil og góð umræða fór fram.

Fleira ekki tekið fyrir